

**GJALDSKRÁ**  
**um afnot skilakerfa af aðstöðu fyrir**  
**móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum.**

1. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir afnot skilakerfa af aðstöðu fyrir móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum, sbr. 14. gr. laga nr. 55/2003 og 5. gr. reglugerðar nr. 1104/2008.

Með aðstöðu fyrir móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs er átt við gámaðstæði fyrir gáma og íflát skilakerfis undir raf- og rafeindatækjaúrgang á söfnunarstöðvum sveitarfélaga og þann kostnað sem sveitarfélög bera af rekstri peirra.

2. gr.

Gjaldinu, skv. 1. gr., er skipt í gjaldflokka eftir stærð og umfangi söfnunar á söfnunarstöð. Gjaldið miðast við aðstöðu í eitt ár fyrir hvern gám.

Gjaldflokkar eru eftirfarandi:

- |                                |                         |
|--------------------------------|-------------------------|
| 1. Stór söfnunarstöð:          | 60 þús kr. á gám á ári. |
| 2. Meginsöfnunarstöð í héraði: | 36 þús kr. á gám á ári. |
| 3. Lítill söfnunarstöð:        | 24 þús kr. á gám á ári. |

3. gr.

Eindagi gjalda skv. gjaldskrá þessari er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 24. mars 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.*